

Almenn aðferðarfræði meðaltalsútreikinga fyrir skynditalningar:

- Íslandi er skipt upp í 7, talningasvæði: Suðurland, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og hálendið.
- Talið er á a.m.k. einu talningarsvæði ár hvert.
- Talið er á stofnvegum, tengivegum og landsvegum. Almennt gildir að ekki eru skipulagðar talningar á héraðsvegum.
- Talið er á tímabilinu maí – september.
- Gjarnan er miðað við að staðsetja teljara þannig að niðurstöður lýsi sem best veginni meðalumferð um þann vegkafla/stall (stallur = hluti vegkafla) sem mæla á.
- Teljari er stilltur á sólarhringskráningu (þ.e. skráir eitt gildi fyrir hvern sólarhring).
- Lengd talningartímabils ≥ 3 vikur að jafnaði.

Skýringar og reikniaðferðir, fyrir skynditeljara:

Hér á eftir er u táknið fyrir eitt sólarhringsgildi, þ.e. fjölda bíla yfir sólarhringinn, um talningarstað.

Viðmiðunartalningarstaður er gjarnan næsti fasti talningarstaður¹ innan sama veðursvæðis sem talinn er hafa svipaða umferðardreifingu og er á skynditalningarstað.

st undirvísir (index) merkir hér á eftir skynditalningarstaður.

vm undirvísir (index) stendur fyrir viðmiðunartalningarstað.

\sum er táknið fyrir summu (t.d. tákna \sum_u samanlagða dagsumferð á skynditalningarstað á talningartímabili og \sum_v tákna samanlagða dagsumferð á viðmiðunartalningarstað á sama tímabili).

Þá má lýsa reikniformúlum fyrir meðaltöl skynditalninga með eftirfarandi hætti:

$$\acute{A}DU_{st} = \frac{\sum u_{st}}{\sum u_{vm}} \times \acute{A}DU_{vm}$$

$$SDU_{st} = \frac{\sum u_{st}}{\sum u_{vm}} \times SDU_{vm}$$

$$VDU_{st} = \frac{\sum u_{st}}{\sum u_{vm}} \times VDU_{vm}$$

Mikilvægt er að hafa eftirfarandi í huga:

Talningum er ekki ætlað að lýsa/mæla hámarks- og eða lágmarksferð um vegkafla.

Nákvæmni reiknaðra meðaltala ($\acute{A}DU$, SDU og VDU) er, skv. reynslu, breytileg eftir umferðarpunga og einkennum umferðar en miða má við um 90%, að meðaltali. Mesta nákvæmni næst í og við þéttbýli en búast má við hlutfallslega mun minni nákvæmni í meðaltölum á fáförnum sumarvegum.

Birting mæligagna og reiknaðra meðaltala er á fyrsta ársfjórðungi næsta almannaksárs eftir að talning fer fram.

Búast má við að bilanatíðni skynditeljara verði á bilinu 5 - 10%.

¹ Fastur talningarstaður er talningarstaður þar sem talið er samfelldt alla daga ársins.